Alþingi
Erindi nr. Þ 120/859
komudagur 26/2 1996

TILVERA
SAMTÖK GEGN ÓFRJÓSEMI

Hafnarfjörður 23 janúar 1996

Alherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir


Hvammabraut 6
220 Hafnarfjörður
Sími 565 1774
Fax 565 1895
Neyðarsími: 989 61946


Að beiðni yðar gefum við hér með álit okkar á frumvarpi til laga um tæknifrjóvganir sem fara á til afgreiðslu Alþingis á yfirstandandi þingi.

Við höfum kynnt okkur vel innihald þessa frumvarps og gerum engar athugasemdir við það.

Af gefnu tilefni viljum við hinsvegar ítreka það ákvæði sem kveður á um nafnleynd kynfrumugjafa. Ástæða þess að við kjósum að gera það er sú að ef fallið verður frá nafnleyndarákvæðinu getur reynst mun erfiðara að fá gjafakynfrumur þar sem sæðisbankar sem það hafa gert eru nú í vandræðum vegna þess hve fáir eru tilbúnir að gefa kynfrumur í slíka banka.

Að öðru leiti þökkum við fyrir þetta tækifæri til að láta álit okkar í ljós á þessu frumvarpi.

F.h. Tilveru,

Linda Magnúsdóttir

Linda Magnúsdóttir, form.